

## Mataráhöld: (LÁ)

Nokkrir gripir sem flokkast sem mataráhöld fóru til Nordiska museet. Þar er um að ræða 11 venjulega aska af mismunandi stærðum auk eins sem segja má að sé risavaxinn. Sá hefur þjónað sem tarína eða skál fyrir spónamat og fram kemur í lýsingum á honum að hann hafi verið hafður til þess að færa fólki mat á engjar. Flestir varðveittir askar eru frá síðari hluta 18. aldar og þeirri 19. Skortur á eldri öskum þarf ekki að merkja að þeir hafi ekki þekkt fyrir því jafn hversdagslegur hlutur og askur hefur varla þótt varðveisluverður á 19. öld þegar þeir voru ennþá í almennri notkun. Askar eru jafnan kringlótt, stafbyggð ílát, girtir með þremur svigagjörðum. Sjálfir stafirnir eru einfaldir en lokið, sem leikur á hjörum, var ævinlega útskorið. Þar gat verið rósamunstur, fangamark, ártal eða sérstakt munstur sem nefnt er skipaskurður því það var rist í yfirborð og var á að líta líkt bát skjöl. Hver heimilsmaður átti sinn ask og sinn spón og annaðist umhirðu þeirra. Skammtað var í askana að morgni og skyldi maturinn endast daginn á enda. Í Þjóðminjasafni eru nú varðveittir um 160 heilir mataraskar. Úr öskunum borðaði fólk spónamatinn með spæni, sem algengt var að væri úr nautshorni með skornu skrauti ofan á skaftinu. Þar gat verið leturlína, fangamark og ártal. Nokkrir spænir komu frá Svíþjóð en einnig tvær íslenskar silfurskeiðar frá 18. öld.

Ein blöndukanna frá 1762, stafailát, sem í var látinn svaladrykkur t.d. mysa, kom frá Nordiska museet. Einnig mjólkurtrog auk fáeinna smjöraskja. Þær eru sömu gerðar og trafaöskjur, þ.e. kringlóttar eða sporöskjulaga, gerðar úr sviga og oft með útskornu loki. Eins og nafnið gefur til kynna voru þær notaðar til að geyma í smjör.

Þá bættust við í varðveislu Þjóðminjasafnsins tveir spónastokkar, ágætir gripir en lok vantar á annan þeirra. Fjórtán voru þeir fyrir hér í safninu. Spónastokkar eru skornir úr einu tré, víðastir nær endum en mjórri um miðju. Þannig voru spænirnir lagðir hver á móti öðrum svo að spónablöðin voru til enda og sköftin inn að miðju. Lok sem fellur að lagi sjálfs stokksins er ofan á og leikur það á þolinmóði sem festur er við annan enda hans. Spónastokkarnir eru flestir frá 17. öld en svo virðist sem þeir hverfi úr notkun eftir það.